

Mál nr. 321/2018**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingastjórans A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 11.10.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V váttryggingafélags, dags. 08.11.2018

Málsatvik.

M lét byggja þjónustuíbúðir og var A byggingaverktaki og byggingastjóri. Bygging hússins hófst 2012 og lauk á árinu 2013. Í málskoti M kemur fram að frágangi verksins hafi verið verulega áfátt. Uppsetning á dyrasímum og öryggiskerfi hafi verið röng og hafi M greitt hátt í 2 millj. króna í endurbætur. A hafi verið úrskurðað gjaldþrota á árinu 2016. Fyrir á þessu ári hafi leka orðið vart í húsinu og hafi váttryggingafélaginu B send tilkynning um galla á eigninni. Síðar hafi komið í ljós að V var með starfsábyrgðartryggingu fyrir A og var V þá send tilkynning um tjón. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að liðin væru meira en 5 ár frá því að lokaúttekt fór fram á húsinu en hún fór fram 5. júlí 2013. V vísaði að auki til þess að krafan gæti verið fyrnd, sbr. 9. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda. Krafan sé lögákveðin á grundvelli laga um mannvirki og sé samningur þannig ekki gildisskilyrði gagnvart ábyrgð byggingarstjóra gagnvart eiganda.

M telur að afleiðingar tjónsins hafi komið fram innan þess tíma sem skilmálar V gera ráð fyrir að það hafi sannarlega verið tilkynnt í góðri trú til þess félag sem talið var að byggingastjóri hafi verið tryggður hjá. M telur að 9. gr. laga nr. 150/2007 eigi ekki við í þessu samhengi.

Samkvæmt V liggur eingöngu fyrir einhliða frásögn M um að húsið sé gallað. Engin matsgerð liggur fyrir. Samkvæmt 8. gr. skilmála váttryggingarinnar nr. SA-4 greiðast bætur ekki ef afleiðingar atvika, sem tjón hefur hlotist af og gerast hafa á váttryggingartímanum, koma í ljós 5 árum eftir lokaúttekt á mannvirki því, sem váttryggður annaðist byggingastjórn á og ábyrgð hans tekur til, sbr. 8. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Samkvæmt 8. mgr. 29. gr. laganna skal byggingarstjóri hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem gildir í a.m.k. fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. V telur ósannað með öllu að afleiðingar atvika hafi komið í ljós innan 5 ára frá lokaúttekt. Einhliða og almenn fyrirsögn húseiganda um tryggingu byggingarstjóra geti ekki talist sönnun á að tjón hafi orðið á váttryggingartímanum og að tjónið megi rekja til vanrækslu byggingarstjórans. Í fyrsta lagi liggur ekki fyrir að M hafi orðið fyrir tjóni, í öðru lagi að meint tjón megi rekja til atvika sem varði A og í þriðja lagi að afleiðingar atvika sem meint tjón hafi hlotist af hafi komið fram innan 5 ára frá lokaúttektinni.

Álit.

Í málinu liggur ekki fyrir mats eða skoðunargerð um meinta galla á húseigninni. Það eru því ekki fullnægjandi upplýsingar um að tjón hafi orðið né að það sé að rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. Með vísan til þess er V ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

V er ekki bótaskyld vegna starfsábyrgðartryggingar A.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.